

Sýning- ar á Kjarvals- stöðum

● Eins og vera ber, er alltaf eitt-
hvað að gerast á Kjarvalsstöðum.
Um næstu helgi lýkur sýningu
Hrings Jóhannessonar, sem staðlò
hefur síðan 26. febrúar og
19. marz opnar Baltasar sún-
ingu þar sem stendur til 2. apríl.
Hvorttveggja eru merkisviðburð-
ir á myndlistarsviðinu, því báðir
eru þeir snjallir málara, hvor
með sín séreinkenni, en báðir
leitandi og þessvegna verður for-
vitnilegt að sjá sýningar þeirra.
Meðfylgjandi myndir ættu ann-
ars að gefa betri hugmynd en orð
um það, hvað hægt er að leysa
viðfangsefnin á ölfkan hátt; báðir
vinna þeir Hringur og Baltasar
fígúratíft — Hringur skipar sér
undir merki nýrealismans og
virðist nú fyrst hafa stigið skrefið
til fulls. Hann kemur auga á
myndefni þar sem fáum dytti í
hug að leita að því — ekki sízt
meðal ofur hversdagslegra hluta.
En hann leysir það á listrænan
hátt og með þeirri vandvirkni
sem nýrealisminn útheimtir.

Baltasar verður hinsvegar á
ferðinni með mjög ölfkar myndir,
sem líklegt er að listfræðingar
... ki undir expressjónisma. Það

Framhald á bls. 15

